

YOUTH INFO SURVEY

ÍSLENSKAR NIÐURSTÖÐUR



Skýrsla sett saman af

**MIRIAM PETRU
ÓMARSÐÓTTUR AWAD**

Gögn unnin af

ONDREJ BARTA

EFNISYFIRLIT

	<u>UM KÖNNUNINA</u>	1
	<u>NIÐURSTÖÐUR</u>	1
	<u>ÁHUGI Á DVÖL ERLENDIS</u>	3
	<u>TÆKIFÆRI Í BOÐI</u>	4
	<u>MIKILVÆGI FJÖLSKYLDNA</u>	4
<u>UPPLÝSINGA- MIÐLUN</u>	5	
<u>NOTKUN SAMFÉLAGSMIÐLA</u>	6	
<u>LEIT AÐ UPPLÝSINGUM</u>	6	
<u>SAMSETNING HÓPSINS</u>	6	
<u>SAMANTEKT</u>	7	

UM KÖNNUNINA


Youth information survey er könnun sem upplýsinganetið Eurodesk leggur fyrir ungt fólk á aldrinum 13–35 ára annað hvert ár. Könnunin var lögð fyrir ungt fólk í gervallri Evrópu frá október til desember 2024 og bárust 7144 svör. Þar af voru 104 svör frá Íslandi, sem verður að teljast nokkuð gott svarhlutfall. Könnuninni var dreift á samfélagsmiðlum, og í tölvupósti til skóla og æskulýðssamtaka, t.d. félagsmiðstöðva og ungmennahúsa.



Eurodesk er net upplýsingaveita sem veitir ungu fólki ókeypis og hlutlausar upplýsingar um tækifæri til náms, starfsnáms, sjálfbóðaliðastarfa og ungmennaskipta í Evrópu – og víðar. Eurodesk er opinber samstarfsaðili Erasmus+ og European Solidarity Corps, og starfar Eurodesk á Íslandi innan Landskrifstofu Erasmus+ sem hýst er hjá Rannís.


NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður Youth Information Survey á Evrópuvísu benda til þess að ungt fólk sé almennt mjög áhugasamt um að fara til annarra landa og öðlast nýja reynslu. Almennt talið eru íslensk ungmenni jákvæð tilhugsuninni um að fara erlendis og oft munar ekki miklu á svörum íslenskra og evrópskra ungmenna í heild. Það er þó vert að benda á að hlutfall þeirra sem líta mjög jákvæðum eða jákvæðum augum á dvöl erlendis er aðeins lægra meðal íslenskra ungmenna en evrópskra. Áhugavert væri því að rýna betur í ástæður þess. Fleiri íslensk ungmenni svara því að þau séu ekki áhugasöm eða alls ekki áhugasöm fyrir því að fara erlendis, heldur en í Evrópu í heild. Ungmennin virðast líka örlítið varkárari og jafnvel þekkja þau tækifærin síður en evrópsk ungmenni. **Þetta bendir til þess að mikilvægt sé að koma upplýsingum um tækifærin til þeirra tímanlega, en stærstur hluti íslensku svarendanna var á aldrinum 16–18 ára.**





Af niðurstöðunum að dæma eru loftslagsmál töluvert ofar í huga evrópskra ungmenna þegar þau nefna ástæður fyrir því að taka ekki þátt í dvöl erlendis. Þetta er síður áhyggjuefni meðal íslenskra ungmenna, en eitthvað er það sem fær þau til að hika við að fara út.

Þótt að flestir íslensku svarendanna virðist telja að dvöl erlendis muni hafa jákvæð áhrif á starfsframa þeirra eru fleiri íslenskir svarendur en evrópskir sem telja að dvöl erlendis myndi hafa „neikvæð“ eða „mjög neikvæð“ áhrif á starfsframa. Eins og við vitum er atvinnuþátttaka meðal íslenskra ungmenna há miðað við í öðrum löndum og það gæti haft áhrif á hvernig þau svara þessari spurningu. Þau gætu óttast það að brjóta upp ferilskrána með dvöl erlendis.





Þau virðast auk þess örlítið líklegri til að hafa áhyggjur af því að dvöl erlendis muni **hafa neikvæð áhrif á menntaferilinn**, þótt svörunin sé almennt á jákvæðu nótunum. Í svörunum við báðum þessum spurningum voru evrópsk ungmenni líklegri en íslensk til að merkja við að áhrifin yrðu „mjög jákvæð“.

Þegar mat þeirra á áhrifum af dvöl erlendis á persónulegt líf er skoðað voru hátt í 60% evrópskra ungmenna sem sögðu „mjög jákvæð“ á móti 42% íslenskra. Aftur á móti var hlutfallið hærra hjá íslenskum ungmennum sem töldu að áhrifin yrðu „jákvæð“, þ.e. 54% á móti 38%. **Þetta sýnir að 98% evrópskra ungmenna telja dvöl erlendis hafa „mjög jákvæð“ eða „jákvæð“ áhrif á sitt persónulega líf og 96% íslenskra ungmenna.** Hlutfall þeirra sem töldu áhrifin á persónulegt líf vera „mjög neikvæð“ var 2,5% meðal íslenskra og 0,3% meðal evrópskra ungmenna. Munurinn er ekki mikill en það er samt áhugavert að sjá að svörunin virðist vera örlítið minna jákvæð meðal íslensku svarendanna, sem getur einnig vakið spurningar um hvernig ungt fólk skilur tækifærin sem spurt er um.




Færri íslensk ungmenni höfðu tekið þátt í einhverri dvöl eða verkefni erlendis, en **77,6% íslenskra ungmenna sögðust aldrei hafa tekið þátt á meðan svarhlutfallið var 60,5% meðal evrópskra ungmenna.** Aldursskipting hópsins gæti þó haft áhrif á þetta. Ólíkt meirihluta þeirra sem svaraði könnuninni í allri Evrópu var stærstur hluti íslenskra svarenda á aldrinum 16–18 ára. Dreifingin á milli borga (50%), bæja (38,2%) og sveita (11,8%) er mjög svipuð og í Evrópu. Svipaður fjöldi þekkir einhvern nákominn sem hefur dvalið erlendis í einhvern tíma (83,5%). Meðal íslensku svarendanna var stærri hluti sem talar ekki tungumál landsins sem móðurmál, þ.e. 8,7% á móti 2,8% í allri Evrópu.




ÁHUGI Á DVÖL ERLENDIS

Íslensk ungmenni eru mjög áhugasöm um að fara í nám erlendis, mun áhugasamari en ungmenni í Evrópu almennt. Þetta gæti verið vegna þess að algengt er meðal Íslendinga að fara erlendis í nám og hefur lengi verið, og unga fólkið því vant að heyra talað um það sem möguleika.




Sumarbúðir og ungmennaskipti erlendis vekja greinilega minni áhuga meðal íslensk ungmenna en það getur skýrst af því að íslensk ungmenni tengja sumarbúðir sennilega frekar við dvöl innanlands og þekkja síður til hugtaksins ungmennaskipti. **Það gæti þurft að kynna þeim þann möguleika mun betur.**

Íslensk ungmenni sýna starfsnámi erlendis minni áhuga en evrópsk. Mögulega er það vegna þess að skilningur þeirra á starfsnámi er ekki sá sami enda er starfsnám algengara í öðrum löndum Evrópu. Íslensk ungmenni sýna því þó annars almennt áhuga að vinna erlendis, þegar kemur að því að fara til annarra landa á styttri námskeið segist þriðjungur íslensku ungmennanna ekki áhugasöm en einungis 13% hinna evrópsku svara þannig. Hlutfall jákvæðu svara er því ívíg lægra meðal íslenska hópsins.




74% allra ungmenna í Evrópu segjast áhugasöm um sjálfbóðaliðastörf erlendis en einungis 60% íslensku svarendanna. Íslensku ungmennin eru almennt jákvæðari í garð ferðalaga erlendis en hlutfall þeirra sem eru alls ekki áhugasöm um ferðalög erlendis er hærra á Íslandi en í Evrópu (7,1% á móti. 2,5%).



Það er því greinileg útpá og áhugi meðal íslenskra ungmenna en leiðirnar sem unga fólkið getur séð fyrir sér að nýta eru að einhverju leyti ólíkar evrópskum ungmönnum þegar á heildina er litið.

Í könnuninni var einnig spurt út í áhuga ungs fólks á ólíkri lengd dvalar erlendis. Íslensk ungmenni voru svipað áhugasöm og ungmenni í Evrópu á dvöl sem væri 1 ár eða meira. Þau virtust annars almennt jákvæðari í garð styttri dvalar.



TÆKIFÆRI Í BOÐI

Hærra hlutfall íslenskra ungmenna hafði aldrei leitað sér að upplýsingum um tækifæri erlendis, eða u.þ.b. helmingur svarenda, á móti 23,2% evrópsku svarendanna. **Það þarf því að skoða hvort þau viti almennt af möguleikunum sem í boði eru.**

Þeim finnst útvarp og sjónvarp ekki líklegur staður til að nálgast upplýsingar um tækifæri. Aftur á móti virðast þau **hrifnari af upplýsingaplakötum** en evrópsk ungmenni almennt. Þau eru alls ekki áhugasöm um að fá tölvupósta eða vera á póstlista, en þar má sjá að 27% evrópskra ungmenna segjast ekki áhugasöm um að fá upplýsingar í gegnum tölvupóst eða póstlista en 56% íslenskra ungmenna segjast ekki áhugasöm.

Þau eru almennt síður líklegri en evrópsk ungmenni til að telja að vefsíður vera gagnlega leið til að nálgast upplýsingar um tækifæri erlendis. Þau virðast heldur ekki telja skilaboðaforrit vera gagnlega leið til að fá upplýsingar og næstum því helmingi fleiri á Íslandi telja vefstofur ekki gagnlegar.





MIKILVÆGI FJÖLSKYLDNA

Íslensk ungmenni eru svipað jákvæð í garð þess að fá upplýsingar í gegnum skólann sinn og evrópsk, en virðast ekki vera eins jákvæð í garð upplýsingaviðburða (e. information fairs), en það er mögulega vegna þess að slíkir viðburðir eiga sér helst stað í háskólum hér á landi.

Íslensk ungmenni virðast **líta á fjölskyldur og skyldmenn jákvæðari augum sem gagnlega leið til að fá upplýsingar um tækifæri erlendis** en evrópsk ungmenni. Evrópsk ungmenni telja það í meira mæli vera mjög gagnlegt að fá þessar upplýsingar frá vinnuveitendum heldur en íslensk ungmenni. Viðbrögðin við að fá upplýsingar frá námsráðgjöfum eða jafnöldrum er mjög svipað bæði á Íslandi og í Evrópu.

UPPLÝSINGAMIÐLUN

Ungt fólk á Íslandi sýnir því svipaðan áhuga og evrópsk ungmenni að fá upplýsingar um styrki og upplýsingar um sérstök tækifæri sem þau geta tekið þátt í. Þau virðast þó ögn meira hikandi en evrópsk ungmenni við það síðarnefnda. Íslensk ungmenni virðast áhugasamari en evrópsk um upplýsingar um hvernig á að undirbúa sig og hvernig á að fá reynsluna metna við heimkomu. Þau virðast líka hrifnari af persónulegri ráðgjöf heldur en evrópsk ungmenni.



Svarhlutföllin eru svipuð þegar kemur að því að fá sögur af ungu fólki sem hefur farið erlendis sjálft, þ.e. þau eru almennt mjög jákvæð fyrir því – og þau eru líka svipað áhugasöm og annað ungt evrópskt fólk um að kynnast fólki sem hefur farið út og læra af þeim.

Þau eru ekki eins jákvæð og evrópsk ungmenni í garð þess að mæta á einhverja sérstaka upplýsingamiðstöð og fá aðstoð, eða hafa eina rafræna leitarvél – en **þau eru jákvæðari en evrópsk ungmenni í garð þess að heyra reynslusögur annarra.**

Þegar spurt er um hvernig þau finna upplýsingar um tækifæri eru þau ekki eins jákvæð í garð þess að leita á heimasíðum en svipað jákvæð í garð þess að skoða samfélagsmiðla. Þau eru töluvert minna líkleg í að taka þátt í eða búa til „samfélag online“ þar sem fólk deilir upplýsingum en sýna því meiri áhuga að fylgja áhrifavöldum sem segja frá tækifærum. **Þau hafa svipaðan áhuga og evrópsk ungmenni á að horfa á myndbönd til að fá upplýsingar, bæði stutt og lengri myndbönd (3 mín til 15 mín) en eru mun ólíklegri til að hlusta á hlaðvörp.**




NOTKUN SAMFÉLAGSMÍÐLA

Langflest þeirra nota einhverja samfélagsmiðla, 93,9% en þau virðast líklegri en önnur evrópsk ungmenni til að nota Facebook og TikTok og einnig virðist notkunin vera meiri. Þótt þau noti líka Instagram virðast þau nota það minna en evrópsk ungmenni. Notkun Youtube er svipað mikil og hjá evrópskum ungmennum en þau nota hvorki X né Threads mikið, né LinkedIn. Þau eru líklegri til að nota Reddit og Discord en evrópsk ungmenni, þótt á heildina litið sé lítil notkun á þessum forritum. Telegram notkunin er minni en meðal evrópskra ungmenna.



LEIT AÐ UPPLÝSINGUM



Niðurstöðurnar benda til þess að þau séu líklegri til að nota Facebook eða Instagram til að leita að upplýsingum um tækifæri erlendis, en ólíkt evrópskum ungmennum eru þau líklegri til að nýta Snapchat til þess. Þau eru alveg jafn líkleg til að nota Youtube til að leita að upplýsingum og fleiri nota TikTok. Þegar kemur að því að leita að staðfestingu á að upplýsingarnar séu réttar með því að fletta þeim upp á vefnum eru þau á pari við evrópsk ungmenni, þótt að flest evrópsk ungmenni segist gera það „mjög oft“, en flest íslensk segjast gera það „oft“.



SAMSETNING HÓPSINS

Flestir þátttakendur í könnuninni voru konur en þó má geta að hlutfall karla og kvára var hærra í íslenska hópnum en í þeim evrópska. Evrópsku niðurstöðurnar í heild benda til þess að ungar konur og ung kvár sýna meiri áhuga en ungir karlar

á dvöl erlendis. Aftur á móti eru ung kvár líklegri til að telja **fordóma eða mismunun** hindra þau í að fara út (17%), en konur (2%) og karlar (3%). Ungt fólk sem tilheyrir minnihlutahópum eru einnig líklegri til að hafa áhyggjur af fordómum eða mismunun en ungt fólk sem skilgreinir sig ekki sem hluta af minnihlutahóp (í könnuninni var það skilgreint út frá þjóðerni, kynþætti, eða trúarbrögðum). Þegar samsetning íslenska hópsins er skoðuð er svipaður fjöldi svarenda úr minnihlutahópum en fleiri hinsegin ungmenni voru í íslenska hópnum (**20% íslenskra á móti 14% heildar svarenda**). Einnig fór hlutfallið úr **2,3%** evrópskra ungmenna í **7,8%** meðal íslenska hópsins þegar spurt var um fötlunargreiningu. Aftur á móti var lítill sem enginn munur á því hversu mörg svöruðu að þau byggju við langvarandi heilsufarsörðugleika.



SAMANTEKT

✦ Áhugi á dvöl erlendis

- Íslensk ungmenni eru almennt jákvæð í garð þess að fara erlendis, virðast vera örlítið varkárari en jafnaldra þeirra í Evrópu.
- Þau eru líklegri en evrópsk ungmenni til að segja að þau hafi ekki áhuga eða alls ekki áhuga á að fara út.
- Loftslagsmál skipta íslensk ungmenni síður máli sem hindrun í að fara erlendis en evrópsk.
- Þau eru ólíklegri til að telja dvöl erlendis hafa „mjög jákvæð“ áhrif á starfs- og menntaferil sinn og líklegri til að sjá mögulega neikvæð áhrif.
- Atvinnupátttaka íslenskra ungmenna er mikil, sem gæti útskýrt þessa varfærni gagnvart því að rjúfa starfsferil með dvöl erlendis.

📁 Nám, starfsnám, sjálfbóðaliðastörf og stuttar dvalir

- Meiri áhugi á námi erlendis en meðal evrópskra ungmenna – kannski af því að algengt er á Íslandi að fólk fari í nám erlendis.
- Minni áhugi er á starfsnámi erlendis en meðal evrópskra ungmenna – mögulega vegna minni skilnings á hugtakinu.
- 77% íslenskra ungmenna líta jákvæðum augum á að vinna erlendis (vs. 82% í Evrópu).
- Tæpur þriðjungur íslenskra svarenda er ekki áhugasamur um stutt námskeið erlendis (vs. aðeins 13% í Evrópu).
- Sjálfbóðaliðastörf erlendis vekja minni áhuga á Íslandi (60% áhugasöm) en í Evrópu (74%).

🧠 Upplifun og áhrif dvöl erlendis

- 96% íslenskra svarenda telja dvöl erlendis hafa „jákvæð“ eða „mjög jákvæð“ áhrif á persónulegt líf sitt (vs. 98% í Evrópu). Hlutfall þeirra sem velja „mjög jákvæð“ þó lægri í íslenska hópnum.
- Dýpri áhersla virðist vera á að dvölin verði góð, en ekki endilega byltingarkennd.

🔍 Upplýsingahegðun og aðgengi

- 50% íslenskra ungmenna höfðu aldrei leitað að upplýsingum um tækifæri erlendis (vs. 23,2% í Evrópu).
- Þau eru síður hrifin af tölvupósti, vefsvæðum og leitarvélum en evrópsk ungmenni.
- Þau treysta upplýsingum frá fjölskyldu meira.
- Þau eru hlynntari persónulegri ráðgjöf og að fá leiðbeiningar um hvernig á að nýta dvölin og fá reynslu metna við heimkomu.
- Þau eru líklegri til að vilja heyra reynslusögur og fylgja áhrifavöldum heldur en að mæta á upplýsingamiðstöðvar.



■ Notkun samfélagsmiðla

- Facebook og TikTok eru vinsælli á Íslandi en annars staðar í Evrópu.
- Instagram er notað minna en meðal evrópskra ungmenna, en notkun Reddit og Discord er örlítið meiri.
- Þau nota Snapchat frekar en evrópsk ungmenni til að leita að upplýsingum um tækifæri.
- Þau eru síður líkleg til að hlusta á hlaðvörp, en vilja frekar horfa á myndbönd (3–15 mínútna).
- Ekki mjög áhugasöm um að taka þátt í eða skapa „online samfélag“ í tengslum við tækifæri – en opnari fyrir áhrifavöldum sem miðla upplýsingum.

🧭 Bakgrunnsupplýsingar um hópinn

- Hærra hlutfall svarenda voru kvár, hinsegin eða með fötlun á Íslandi en að meðaltali í Evrópu.
- Meiri fjölbreytileiki í íslenska hópnum varðandi kyn og tungumál (8,7% hafa ekki íslensku að móðurmáli).
- 78% íslenskra svarenda höfðu aldrei tekið þátt í neinni dvöl erlendis (vs. 61% í Evrópu).
- Aldurshópurinn 16–18 ára var stærstur á Íslandi.



Íslensk ungmenni sýna jákvæðni gagnvart dvöl erlendis – en eru varkárari í mati sínu, sérstaklega þegar kemur að áhrifum á menntun og starfsframa. Þau virðast síður upplýst um tækifærin sem eru í boði, leita ekki markvisst að upplýsingum, og nýta aðra miðla en jafnaldrar þeirra í Evrópu – t.d. Snapchat og áhrifavalda. Áhugi þeirra á starfsnámi og sjálfboðaliðastörfum erlendis er minni og þau vilja fremur persónulega ráðgjöf en upplýsingar sem er miðlað á netinu. Hafa ber í huga að stærstur hluti svarenda í íslenska úrtakinu var á aldrinum 16–18 ára sem getur haft áhrif á niðurstöðurnar.

